

7. gr.

Gjöld fyrir starfræksluleyfi samkvæmt 2. gr. reglugerðar þessarar skulu ákveðin með gjaldskrá sem ráðherra setur.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

Ennfremur greiðist Póst- og símamálastofnun eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar viðurlögum samkvæmt 23. gr. laga um fjarskipti.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 28. maí 1984 um fjarskipti, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Mýrdalshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 23. október s. l., fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Breytingin felur í sér að hluti af auðkenndu verslunarsvæði skv. aðalskipulagi milli Víkurbrautar og Sunnubrautar verður íbúðarsvæði og auk þess að svæði undir opinberar byggingar á horni Ránarbrautar og Víkurbrautar verður að hluta verslunarlóð og að hluta svæði undir opinbera starfsemi.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línal.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1984—2004.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. janúar 1986 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1984—2004 með fyrirvara um skipulag í næsta nágrenni vegamóta Bessastaða- og Álfтанesvegjar. Deiliskipulag miðbæjarkjarna

verði staðfest sbr. ákvæði 4.4.2. í reglugerð nr. 318/1985 en við gerð þess verði sérstaklega tekið tillit til aðkomunnar að forsetasetrinu á Bessastöðum.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði staðfestur með ofangreindum fyrirvara.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og
afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Eftirfarandi töluliðir, 6. gr., b-staflíðar hljóði svo:

- „I. Diazepamum. Óheimilt er að ávísa hylkjum, töflum eða skömmtum í stærri einstökum skömmtum en 5 mg og ekki í meira magni en sem svarar 250 mg eða 260 mg af hinu virka efni. (Dæmi: Apozepam, Diazepam, Stesolid, Valium 5 mg 50 töflur eða 130 töflur sömu lyfja í 2 mg styrkleika í óbrotnum pakkningum).
- III. Medazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 250 mg eða 300 mg. (Dæmi: Nobrium 25 mg 10 töflur eða Nobrium 5 mg 60 töflur).
- IV. Chlordiazepoxidum. Hámarksmagn á lyfseðli 500 mg eða 625 mg. (Dæmi: Klórdiazepoxid, Librium 5 mg 100 töflur, 10 mg 50 töflur eða 25 mg 25 töflur).
- V. Flurazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 1,5 g eða 1,8 g. (Dæmi: Dalmadorm 15 mg 100 hylki eða 30 mg 60 hylki).
- XI. Carisoprodolum. Hámarksmagn á lyfseðli 20,0 g eða 21,0 g. (Dæmi: Somadril comp 100 töflur eða Somadril 60 töflur).“

2. gr.

Við 6. gr., b-staflíð bætist nýr töluliður XV, er hljóðar svo:

„Oxazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 1,25 eða 1,5 g. (Dæmi: Sobril 25 mg 50 töflur eða Serepax, Sobril 15 mg 100 töflur).“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1986.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.